

Borgarstjórn Reykjavíkur
15. október 2024

Tillaga borgarfulltrúa Flokks fólksins um sérstakt átak í ráðningum í lausar stöður á frístundaheimilum

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela mannauðs- og starfsumhverfissviði og skóla- og frístundasviði að fara í sérstakt átak í ráðningum í lausar stöður á frístundaheimilum og til að manna stöður frístundaheimila.

Lagt er til að í áttakinu skuli m.a. leita óhefðbundinna leiða, s.s. með því að samþykkja sérstaka umbun fyrir starfsfólk í formi styrkja eða hlunninda og með því að leita samstarfs við hagsmunafélög eldra fólks og hagsmunasamtök námsmanna með það að markmiði að bjóða fólki úr þessum hópum störf á frístundaheimilum.

Greinargerð

Tilgangurinn með tillögunni er að hugsa út fyrir boxið og nota óhefðbundnar aðferðir með það að markmiði að laða fólk til starfa á frístundaheimilum.

Árlega myndast langir biðlistar á frístundaheimilum þegar skólar hefjast á haustin. Ástæðan er m.a. mannekla. Í fyrra var staðan sérstaklega slæm en þá voru 127 börn enn á biðlista þegar skólaárinu var að ljúka. Nú bíða á annað þúsund börn eftir að komast að á frístundaheimili og óvíst hvort og þá hvenær þau fá pláss þar. Bregðast þarf við þessari stöðu með fleiri úrræðum til að auka mönnun. Leggja mætti áherslu á sérstaka umbun fyrir starfsfólk í formi styrkja eða hlunninda. Leita mætti einnig eftir samstarfi við Félag eldri borgara og önnur hagsmunafélög eldra fólks og einnig samtök námsmanna en vel kann að vera að fólk sem komið er af hefðbundnum vinnumarkaði hafi áhuga á hlutastörfum á frístundaheimili. Hægt er að semja við starfsfólk á einstaklingsgrunni. Einnig mætti leita eftir samstarfi við íþróttafélög og þá sem sinna æskulýðs- og tómstundastarfi til að koma inn í starf frístundaheimilanna.